

AUGLÝSING

um ökutækjatryggingar.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 5. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum, er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 4. mgr. 91. gr. skuli vera 1.502 millj. kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda og 250 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 4. mgr. 92. gr. umferðarlaga, með síðari breytingum, er ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns og váttryggingartaka samkvæmt 1.-3. mgr. 92. gr. skuli vera 113 millj. kr.

3. gr.

Hámark eigin áhættu váttryggingartaka samkvæmt 2. málsl. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 392 frá 27. maí 2003, er kr. 218.000 krónur fyrir einstakling og 1 milljón kr. fyrir rekstrar-aðila. Hámark eigin áhættu samkvæmt 3. málsl. 3. mgr. 4. gr. er 54.000 krónur.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi.
Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um ökutækjatryggingar, nr. 547 frá 4. júlí 2003.

Viðskiptaráðuneytinu, 20. júní 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.